

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2004/8/EB

2008/EES/78/19

frá 11. febrúar 2004

um að auka samvinnslu raf- og varmaorku sem byggist á eftirspurn eftir notvarma á innri orkumarkaðinum og um breytingu á tilskipun 92/42/EB*

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum I. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽³⁾, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽⁴⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Nú sem stendur er möguleikinn til þess að nota samvinnslu raf- og varmaorku sem orkusparnaðar-ráðstöfun vannýttur í Bandalaginu. Aukin samvinnsla með góða orkunýtni, sem byggist á eftirspurn eftir notvarma, hefur forgang í Bandalaginu í ljósi mögulegs ávinnings af því að nota samvinnslu raf- og varmaorku til þess að spara frumorku, komast hjá tapi í flutningskerfi og draga úr losun, umfram allt gróðurhúsalofttegunda. Þar að auki getur hagkvæm notkun orku með samvinnslu raf- og varmaorku einnig stuðlað með jákvæðum hætti að afhendingaröryggi og eflt samkeppnisstöðu Evrópusambandsins og aðildarríkja þess. Því er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að tryggja að þessi möguleiki nýtist betur innan ramma innri orkumarkaðarins.
- 2) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/54/EB frá 26. júní 2003 ⁽⁵⁾ eru settar sameiginlegar reglur um framleiðslu, flutning, dreifingu og afhendingu rafmagns á innri raforkumarkaðnum. Í þessu samhengi stuðlar þróun samvinnslu raf- og varmaorku að aukinni samkeppni, einnig með tilliti til nýrra markaðsaðila.
- 3) Í grænbókinni „Fram til evrópsks skipulags sem tryggir öruggar orkubirgðir“ er bent á að Evrópusambandið reidi sig of mikið á ytri orkugjafa, sem í dag sjá fyrir 50% af þörfum þess, og er því spáð að sú tala verði komin upp í 70% árið 2030 ef fram heldur sem horfir. Þegar treyst er á innflutning og hlutfall innflutnings fer vaxandi eykst hættan á því að rof eða erfiðleikar verði við afhendingu. Þó ber ekki einungis að líta á afhendingaröryggi sem lið í því að treysta minna á innflutning og auka innlenda framleiðslu. Afhendingaröryggi kallar á margskonar stefnumótandi frumkvæði sem miðar m.a. að fjölbreyti-

leika orkugjafa og tækni og betri alþjóðasamskiptum. Í grænbókinni er enn fremur lögð áhersla á að afhendingaröryggi skipti miklu fyrir sjálfbæra þróun í framtíðinni. Í grænbókinni er sett fram sú niðurstaða að samþykkt nýrra ráðstafana, sem miða að því að minnka eftirspurn eftir orku, skipti miklu bæði með tilliti til þess að treysta minna á innflutning og takmarka losun gróðurhúsalofttegunda. Í ályktun sinni frá 15. nóvember 2001 um grænbókina ⁽⁶⁾ kallar Evrópuþingið eftir aðgerðum sem hvetja til að breytt verði yfir í skilvirk orkuver, þ.m.t. fyrir samvinnslu varma- og raforku.

- 4) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar „Sjálfbær þróun í Evrópu fyrir betri heim — framkvæmdaáætlun Evrópusambandsins um sjálfbæra þróun“, sem var lögð fram á fundi leiðtoga ráðsins í Gautaborg 15. og 16. júní 2001, er bent á loftslagsbreytingar sem eina helstu hindrunina í vegi fyrir sjálfbærri þróun og lögð áhersla á þörfina fyrir aukna notkun umhverfisvænnar orku og afgerandi aðgerðir til að draga úr eftirspurn eftir orku.
- 5) Aukin notkun samvinnslu raf- og varmaorku, sem miðar að því að spara frumorku, er mikilvægur hluti þeirra ráðstafana sem eru nauðsynlegar til að fara að Kýótóbókuninni við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og öðrum stefnumiðuðum ráðstöfunum til að standa við frekari skuldbindingar. Í orðsendingu sinni um fyrsta áfanga Evrópuáætlunar um loftslagsbreytingar bendir framkvæmdastjórnin á aukna samvinnslu raf- og varmaorku sem eina af þeim ráðstöfunum sem væru nauðsynlegar til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá orkugeiranum og kunngerir þá fyrirætlun að leggja fram tillögu að tilskipun um að auka samvinnslu raf- og varmaorku á árinu 2002.
- 6) Í ályktun sinni frá 25. september 2002 um orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um fyrsta áfanga Evrópuáætlunar um loftslagsbreytingar ⁽⁷⁾ fagnar Evrópuþingið þeirri hugmynd að leggja fram tillögu um eflingu ráðstafana Bandalagsins til að stuðla að samvinnslu raf- og varmaorku (CHP) og hvetur til þess að tilskipun um að auka samvinnslu raf- og varmaorku verði samþykkt sem fyrst.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 52, 21.2.2004, bls. 50. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 151/2006 frá 8. desember 2006 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 15, 29.3.2007, p. 18.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 291 E, 26.11.2002, bls. 182.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 95, 23.4.2003, bls. 12.

⁽³⁾ Stjtið. ESB C 244, 10.10.2003, bls. 1.

⁽⁴⁾ Álit Evrópuþingsins frá 13. maí 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum), sameiginleg afstaða ráðsins frá 8. september 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum) og afstaða Evrópuþingsins frá 18. desember 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum).

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 176, 15.7.2003, bls. 37.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB C 140 E, 13.6.2002, bls. 543.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB C 273 E, 14.11.2003, bls. 172.

- 7) Mikilvægi samvinnslu raf- og varmaorku er enn fremur viðurkennt með ályktun ráðsins frá 18. desember 1997⁽¹⁾ og ályktun Evrópuþingsins frá 15. maí 1998⁽²⁾ um áætlun Bandalagsins um að stuðla að samvinnslu raf- og varmaorku.
- 8) Í niðurstöðum sínum frá 30. maí 2000 og frá 5. desember 2000 fellst ráðið á aðgerðaáætlun Bandalagsins um orkunýtni og bendir á aukna samvinnslu raf- og varmaorku sem forgangssvið til skamms tíma litið. Í ályktun sinni frá 14. mars 2001 um aðgerðaáætlun um orkunýtni⁽³⁾ hvetur Evrópuþingið framkvæmdastjórnina til að leggja fram tillögu að sameiginlegum reglum um að auka samvinnslu raf- og varmaorku þar sem það er hagkvæmt út frá umhverfissjónarmiðum.
- 9) Í tilskipun ráðsins 96/61/EB frá 24. september 1996 um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun⁽⁴⁾, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/80/EB frá 23. október 2001 um takmörkun á losun tiltekinnna mengunarefna frá stórum brennsluverum út í andrúmsloftið⁽⁵⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/76/EB frá 4. desember 2000 um brennslu úrgangs⁽⁶⁾ er lögð áhersla á að þróa möguleikana á samvinnslu raf- og varmaorku í nýjum mannvirkjum.
- 10) Samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/91/EB frá 16. desember 2002 um orkunýtingu bygginga⁽⁷⁾ er aðildarríkjunum skylt í tengslum við nýjar byggingar, þar sem samanlagt nýtingarhlutfall er yfir 1 000 m², að sjá til þess að möguleikarnir, frá tæknilegu, umhverfislegu og fjárhagslegu sjónarmiði, á að setja upp önnur kerfi, t.d. fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, séu kannaðir og teknir til greina áður hafist er handa við byggingu.
- 11) Í þessari tilskipun er samvinnsla með góða orkunýtni sá orkusparnaður sem næst með fjölnotaframleiðslu í stað aðskildrar framleiðslu varma og raforku. Orkusparnaður þarf að vera yfir 10% til að réttlæta hugtakið „samvinnsla með góða orkunýtni“. Með tilliti til þess að orkusparnaður sé eins mikill og kostur er og komast hjá því að hann fari forgörðum verður að gefa mikinn gaum að rekstrarskilyrðum eininga fyrir samvinnslu raf- og varmaorku.
- 12) Við mat á sparnaði frumorku skiptir miklu að tekið sé tillit til ástandsins í þeim aðildarríkjum þar sem stærsti hluti raforkunotkunarinnar byggist á innflutningi.
- 13) Með tilliti til gagnsæis er mikilvægt að samþykkja samræmda grunnskilgreiningu á samvinnslu raf- og varmaorku. Ef mannvirki til samvinnslu raf- og varmaorku eru útbúin til að framkalla aðgreinda raforku- eða varmaframleiðslu skal ekki skilgreina þá framleiðslu sem samvinnslu raf- og varmaorku að því er varðar útgáfu upprunaábyrgðar og vegna hagskýrslugerðar.
- 14) Til þess að tryggja að stuðningur við heildarsamvinnslu raf- og varmaorku innan ramma þessarar tilskipunar byggist á eftirspurn eftir notvarma og á sparnaði frumorku er nauðsynlegt að setja fram viðmiðanir í því skyni að ákvarða og meta heildarsamvinnslu raf- og varmaorku sem fellur undir grunnskilgreininguna.
- 15) Almennt markmið þessarar tilskipunar skal vera að ákveða samræmda aðferð við útreikning á rafmagni frá samvinnslu raf- og varmaorku og nauðsynlegar viðmiðunarreglur um framkvæmd hans, að teknu tilliti til aðferða á borð við þær sem verið er að þróa hjá evrópskum staðlastofnunum. Þá aðferð ber að laga að tækniframförum. Notkun útreikninga í II. og III. viðauka að því er varðar öreiningar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku getur, í samræmi við meðalhófsregluna, byggst á gildum úr gerðarprófunarferli sem lögðar, óháður aðili hefur vottað.
- 16) Sú skilgreining á samvinnslu raf- og varmaorku og samvinnslu með góða orkunýtni, sem er notuð í þessari tilskipun, útilokar ekki aðrar skilgreiningar í innlendra löggjöf í öðrum tilgangi en fram kemur í þessari tilskipun. Þar að auki má nota viðkomandi skilgreiningar í tilskipun 2003/54/EB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/77/EB frá 27. september 2001 um að auka hlutdeild rafmagns, sem er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum, á innri raforkumarkaði⁽⁸⁾.
- 17) Mæling á framleiðslu notvarma við framleiðslustað, í raf- og varmasamvinnsluveri, undirstrikar þörfina fyrir að tryggja að hagræðið af notvarma, sem verður til við samvinnslu raf- og varmaorku, fari ekki forgörðum í háhitatapi í dreifingarkerfum.
- 18) Hlutfallið milli orku og varma er tæknileg stærð sem þarfnast skilgreiningar svo að hægt sé að reikna út magn raforku frá samvinnslu raf- og varmaorku.
- 19) Í þessari tilskipun getur skilgreiningin á „einingum fyrir samvinnslu raf- og varmaorku“ einnig tekið til búnaðar þar sem eingöngu er unnt að framleiða annaðhvort raforku eða varmaorku, s.s. varabrennslubúnaðar og eftirbrennslueininga. Ekki skal líta á framleiðslu slíks búnaðar sem samvinnslu raf- og varmaorku að því er varðar útgáfu upprunaábyrgðar eða vegna hagskýrslugerðar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 4, 8.1.1998, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 167, 1.6.1998, bls. 308.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 343, 5.12.2001, bls. 190.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB C 257, 10.10.1996, bls. 26.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 309, 27.11.2001, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 332, 28.12.2000, bls. 91.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 1, 4.1.2003, bls. 65.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 283, 27.10.2001, bls. 33.

- 20) Skilgreiningin á „lítilli einingu fyrir samvinnslu raf- og varmaorku“ felur m.a. í sér öreiningar og dreifðar einingar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, t.d. einingar sem þjóna einangruðum svæðum eða mæta takmarkaðri þörf í íbúðabyggingum, fyrirtækjum eða iðnaði.
- 21) Til þess að auka gagnsæi þegar val neytenda stendur á milli raforku frá samvinnslu raf- og varmaorku og raforku, sem er framleidd með annarri tækni, er nauðsynlegt að tryggja að, á grundvelli samræmdrar viðmiðunar fyrir orkunýtni, sé unnt að ábyrgjast uppruna samvinnslu með góða orkunýtni. Kerfi fyrir upprunaábyrgð fela ekki í sér sjálfkrafa rétt til þess að hafa hag af innlendu stuðningskerfi.
- 22) Miklu skiptir að öll raforka frá samvinnslu með góða orkunýtni geti fallið undir slíka upprunaábyrgð. Gera skal skýran greinarmun á upprunaábyrgðum og skiptanlegum vottorðum.
- 23) Til þess að tryggja aukna markaðssókn samvinnslu raf- og varmaorku til meðallangs tíma er rétt að fara fram á að öll aðildarríkin samþykki og birti skýrslu með greiningu á innlendum möguleikum á samvinnslu með góða orkunýtni og að skýrslunni fylgi enn fremur sérstök greining á hindrunum í vegi fyrir samvinnslu raf- og varmaorku og á ráðstöfunum sem gerðar eru til að tryggja áreiðanleika ábyrgðarkerfisins.
- 24) Opinber stuðningur skal vera í samræmi við ákvæði í viðmiðunarreglum Bandalagsins um ríkisaðstoð til umhverfisverndar ⁽¹⁾, einnig varðandi það að ekki sé um uppsöfnun aðstoðar að ræða. Samkvæmt þessum viðmiðunarreglum má nú sem stendur leyfa tiltekna tegund opinbers stuðnings ef hægt er að sýna fram á að stuðningsráðstafanirnar séu umhverfinu til hagsbóta vegna þess að breytingaáhrifin séu sérlega mikil, ráðstafanirnar hafi í för með sér minnkandi orkunotkun eða vegna þess að framleiðsluferlið verði ekki eins skaðlegt umhverfinu. Slíkur stuðningur mun nauðsynlegur í vissum tilvikum til þess að hægt sé að nýta enn frekar möguleikann á samvinnslu raf- og varmaorku, einkum til að taka til greina þörfina á að fella ytri kostnað inn í hann.
- 25) Opinber stuðningskerfi til að auka samvinnslu raf- og varmaorku skulu einkum beinast að samvinnslu raf- og varmaorku á grundvelli efnahagstengdrar eftirspurnar eftir varma og kælingu.
- 26) Aðildarríkin reka mismunandi stuðningskerfi fyrir samvinnslu raf- og varmaorku á innlendum vettvangi, þ.m.t. fjárfestingaraðstoð, undanþága frá skatti eða skattalækkanir, græn vottorð og beinar niðurgreiðslur. Mikilvæg aðferð til að ná markmiði þessarar tilskipunar er að tryggja að allt þetta fyrirkomulag rekist eðlilega uns samræmdum rammaákvæðum Bandalagsins hefur verið hrundið í framkvæmd, þannig að ekki sé dregið úr tiltrú fjárfesta. Framkvæmdastjórnin mun fylgjast með stöðu mála og gefa skýrslu um reynslu af beitingu innlendra stuðningskerfa.
- 27) Við flutning og dreifingu rafmagns frá samvinnslu með góða orkunýtni gilda ákvæði 1., 2. og 5. mgr. 7. gr. tilskipunar 2001/77/EB auk viðkomandi ákvæða tilskipunar 2003/54/EB. Uns framleiðandi samvinnslu raf- og varmaorku kemur til greina sem viðskiptavinur samkvæmt innlendra löggjöf, sbr. 1. mgr. 21. gr. tilskipunar 2003/54/EB, skal ákveða gjaldskrár í tengslum við kaup á viðbótarraforku, sem framleiðendur samvinnslu raf- og varmaorku þurfa stundum á að halda, í samræmi við viðmiðanir sem eru hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar. Aðgang að raforkudreifikerfinu, þegar rafmagnið kemur frá samvinnslu með góða orkunýtni, er einkum hægt að auðvelda þegar um er að ræða litlar einingar og öreiningar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, svo fremi framkvæmdastjórnin fái tilkynningu þar um.
- 28) Einingar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, sem eru allt að því 400 kW og falla undir skilgreiningar í tilskipun ráðsins 92/42/EBE frá 21. maí 1992 um kröfur varðandi orkunýtni nýrra heitavatnaskatla sem brenna fljótandi eða loftkenndu eldsneyti ⁽²⁾ geta almennt séð tæpast fullnægt lágmarkskröfum hennar um nýtni og skulu því útilokaðar frá þeirri tilskipun.
- 29) Skipulag á sviði samvinnslu raf- og varmaorku, með mörgum litlum og meðalstórum framleiðendum, er af sérstökum toga sem taka ber tillit til, einkum við endurskoðun á stjórnsýslureglum um leyfi til byggingar iðjuvera fyrir samvinnslu raf- og varmaorku.
- 30) Að því er varðar tilganginn með þessari tilskipun, sem er mótun ramma fyrir aukna samvinnslu raf- og varmaorku, er mikilvægt að leggja áherslu á þörfina fyrir stöðugt efnahags- og stjórnsýsluumhverfi fyrir fjárfestingar í nýjum búnaði fyrir samvinnslu raf- og varmaorku. Hvetja skal aðildarríkin til að mæta þessari þörf með því að móta stuðningskerfi, sem varir í a.m.k. fjögur ár, og með því að breyta ekki stjórnsýslureglum of oft o.s.frv. Enn fremur skal hvetja aðildarríkin til þess að tryggja að opinber stuðningskerfi falli undir meginregluna um úreldingu í áföngum.
- 31) Heildarnýtni og sjálfbærni í samvinnslu raf- og varmaorku er háð mörgum þáttum, s.s. hvaða tækni er notuð, tegund eldsneytis, álagslínur, stærð einingar og einnig eiginleikum varmans. Til hagræðingar og sökum þess að mismunandi notkun varmaframleiðslu kallar á mismunandi hitastig og að þessi og annar mismunur hefur áhrif á nýtni í samvinnslu raf- og varmaorku má skipta samvinnslunni í flokka á borð við: „samvinnslu raf- og varmaorku í iðnaði“, „samvinnslu raf- og varmaorku til upphitunar“ og „samvinnslu raf- og varmaorku í landbúnaði“.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 37, 3.2.2001, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 167, 22.6.1992, bls. 17. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 93/68/EBE (Stjtið. EB L 220, 30.8.1993, bls. 1).

- 32) Í samræmi við dreifræðisregluna og meðalhófsregluna, eins og þær eru settar fram í 5. gr. sáttmálans, ber að setja meginreglur um ramma í Bandalaginu fyrir aukna samvinnslu raf- og varmaorku á innri orkumarkaðnum en aðildarríkjunum skal eftirlátið að útfæra þær þannig að hvert ríki geti valið það fyrirkomulag sem best hentar þeirra sérstöku aðstæðum. Þessi tilskipun takmarkast við það lágmark sem nauðsynlegt er til að þessi markmið náist og gengur ekki lengra en nauðsynlegt er í því skyni.
- 33) Nauðsynlegar ráðstafanir til að hrinda þessari tilskipun í framkvæmd skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽¹⁾.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Markmiðið með þessari tilskipun er að auka orkunýtni og bæta afhendingaröryggi með því að skapa ramma um aukningu og þróun samvinnslu með góða orkunýtni sem byggist á eftirspurn eftir notvarma og sparnaði frumorku á innri orkumarkaðnum, að teknu tilliti til sérstakra innlendra aðstæðna, einkum veðurfars- og efnahagsskilyrða.

2. gr.

Gildissvið

Tilskipun þessi gildir um samvinnslu raf- og varmaorku, eins og hún er skilgreind í 3. gr., og samvinnslutækni raf- og varmaorku sem er tilgreind í I. viðauka.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „samvinnsla raf- og varmaorku“: samhliða framleiðsla varmaorku, raforku og/eða vélrænnar orku í einu og sama vinnsluferlinu,
- b) „notvarmi“: varmi, sem verður til í samvinnsluferli raf- og varmaorku, til þess að mæta efnahagstengdri eftirspurn eftir varma og kælingu,
- c) „efnahagstengd eftirspurn“: eftirspurn sem fer ekki fram úr þörfinni fyrir varma eða kælingu og sem annars væri hægt, samkvæmt markaðsskilyrðum, að koma til móts við með öðrum orkuvinnsluferlum en samvinnslu raf- og varmaorku,
- d) „raforka frá samvinnslu raf- og varmaorku“: raforka sem verður til í vinnsluferli sem tengist framleiðslu notvarma og er reiknuð út í samræmi við aðferðina sem mælt er fyrir um í II. viðauka,

- e) „varaorka“: raforka, sem er afhent um raforkudreifikerfið, þegar samvinnsluferli raf- og varmaorku rofnar, þ.m.t. tími sem fer í viðhald eða bilun,
- f) „viðbótarorka“: raforka sem kemur frá raforkudreifikerfi þegar eftirspurn eftir raforku er meiri en sú raforka sem verður til í samvinnsluferli raf- og varmaorku,
- g) „heilðarnýtni“: árleg summa af framleiðslu raforku og vélrænnar orku og notvarma, deilt með eldsneytisneyslu til varmaframleiðslu í samvinnsluferli raf- og varmaorku og til heildarframleiðslu raforku og vélrænnar orku,
- h) „orkunýtni“: orkunýtni reiknuð út á grundvelli „nettóvarmagildis“ eldsneytis (einnig kallað „lægra varmagildi“),
- i) „samvinnsla með góða orkunýtni“: samvinnsla raf- og varmaorku sem uppfyllir viðmiðanirnar í III. viðauka,
- j) „nýtniviðmiðun við aðskilda framleiðslu“: nýtni annarrar aðskildrar framleiðslu varma og raforku sem samvinnsluferli raf- og varmaorku er ætlað að leysa af hólmi,
- k) „hlutfallið milli orku og varma“: hlutfallið milli raforku frá samvinnslu raf- og varmaorku og notvarma þegar full samvinnsla raf- og varmaorku á sér stað á grundvelli rekstrarlegra upplýsinga um hina tilteknu einingu,
- l) „eining fyrir samvinnslu raf- og varmaorku“: eining sem hægt er að starfrækja með samvinnslu raf- og varmaorku,
- m) „öreining fyrir samvinnslu raf- og varmaorku“: eining fyrir samvinnslu raf- og varmaorku með hámarksgetu sem er undir 50 kW_e,
- n) „lítill eining fyrir samvinnslu raf- og varmaorku“: eining fyrir samvinnslu raf- og varmaorku með innbyggða getu sem er undir 1 MW_e,
- o) „heilðarsamvinnsla raf- og varmaorku“: summan af raforku, vélrænni orku og notvarma frá samvinnslu raf- og varmaorku.

Auk þess gilda viðkomandi skilgreiningar sem settar eru fram í tilskipun 2003/54/EB og tilskipun 2001/77/EB.

4. gr.

Nýtniviðmiðanir við samvinnslu raf- og varmaorku

1. Í þeim tilgangi að ákvarða nýtni við samvinnslu raf- og varmaorku í samræmi við III. viðauka skal framkvæmdastjórnin í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 14. gr., eigi síðar en 21. febrúar 2006, ákveða samræmdar nýtniviðmiðanir við aðskilda framleiðslu raforku og varma. Þessar samræmdu nýtniviðmiðanir skulu samanstanda af uppistöðugildum, sem eru aðgreind af viðkomandi þáttum, þ.m.t. byggingarár og tegund eldsneytis, og grundvallast á vel skjalfestri greiningu þar sem m.a. er tekið tillit til upplýsinga um rekstur við raunhæfar aðstæður, raforkuviðskipta yfir landamæri, eldsneytissamsetningar og veðurfarsþátta auk hagnýtrar samvinnslutækni raf- og varmaorku í samræmi við meginreglurnar í III. viðauka.

⁽¹⁾ Stjótíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

2. Í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 14. gr., skal framkvæmdastjórnin endurskoða samræmdu nýtniviðmiðanirnar við aðskilda framleiðslu raforku og varma, sem um getur í 1. mgr., í fyrsta sinn 21. febrúar 2011 og síðan fjórða hvert ár með tilliti til tækniþróunar og breytinga á dreifingu orkugjafa.

3. Aðildarríki, sem koma þessari tilskipun í framkvæmd áður en framkvæmdastjórnin ákveður samræmdu nýtniviðmiðanirnar við aðskilda framleiðslu raforku og varma, sem um getur í 1. mgr., skulu til þess dags, sem um getur í 1. mgr., samþykka innlendar nýtniviðmiðanir fyrir aðskilda framleiðslu varma og raforku sem nota skal til útreiknings á sparnaði frumorku frá samvinnslu raf- og varmaorku í samræmi við aðferðina sem mælt er fyrir um í III. viðauka.

5. gr.

Upprunaábyrgð á raforku frá samvinnslu með góða orkunýtni

1. Á grundvelli samræmdu viðmiðunargildanna fyrir nýtni, sem um getur í 1. mgr. 4. gr., skulu aðildarríkin, eigi síðar en sex mánuðum eftir samþykkt þessara gilda, sjá til þess að hægt sé að ábyggjast uppruna raforku frá samvinnslu með góða orkunýtni, samkvæmt viðmiðunum, sem hvert aðildarríki mælir fyrir um, og sem eru hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar. Þau skulu sjá til þess að þessi ábyrgð á uppruna raforku geri framleiðendum kleift að sýna fram á að raforkan, sem þeir selja, sé framleidd með samvinnslu með góða orkunýtni og að hún sé gefin út í því skyni að beiðni framleiðanda.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að tilnefna eina eða fleiri þar til bærar stofnanir, sem eru óháðar raforkuframleiðendum og dreifingarstarfsemi, til að hafa eftirlit með útgáfu upprunaábyrgðar sem um getur í 1. mgr.

3. Aðildarríkin eða þar til bærar stofnanir skulu taka upp viðeigandi fyrirkomulag til að tryggja að upprunaábyrgðin sé bæði nákvæm og áreiðanleg og í skýrslunni, sem um getur í 1. mgr. 10. gr., skulu þau lýsa ráðstöfunum sem gerðar eru til að tryggja áreiðanleika ábyrgðarkerfisins.

4. Kerfi fyrir upprunaábyrgð fela ekki í sér sjálfkrafa rétt til þess að hafa hag af innlendu stuðningskerfi.

5. Í upprunaábyrgð skal:

- tilgreina lægra brennslugildi eldsneytis þess orkugjafa, sem raforkan er framleidd með, og hvernig varmi, sem verður til um leið og raforkan, er notaður og tilgreina loks framleiðsludaga og -staði,
- tilgreina magn raforku frá samvinnslu með góða orkunýtni í samræmi við II. viðauka sem ábyrgðin tekur til,
- tilgreina sparnað frumorku, sem er reiknaður út í samræmi við III. viðauka á grundvelli samræmdrar nýtniviðmiðunar, sem framkvæmdastjórnin ákveður og um getur í 1. mgr. 4. gr.

Aðildarríkin geta bætt við upplýsingum um upprunaábyrgðina.

6. Í aðildarríkjunum skulu slíkar upprunaábyrgðir, sem eru gefnar út skv. 1. mgr., viðurkenndar gagnkvæmt sem sönnun á þeim þáttum eingöngu sem um getur í 5. mgr. Synjun þess að viðurkenna upprunaábyrgð sem slíka sönnun, einkum af ástæðum er tengjast því að koma í veg fyrir svik, verður að byggjast á viðmiðunum, sem eru hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar.

Ef viðurkenningar á upprunaábyrgð er synjað er framkvæmdastjórninni heimilt að skylda viðkomandi aðila til að viðurkenna ábyrgðina, einkum að því er varðar viðmiðanir sem eru hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar og sem viðurkenningin byggist á.

6. gr.

Innlendir möguleikar á samvinnslu með góða orkunýtni

1. Aðildarríkin skulu greina innlenda möguleika á notkun samvinnslu með góða orkunýtni, þ.m.t. samvinnslu með góða orkunýtni í öreiningum.

2. Greiningin skal:

- byggjast á vel skjalfestum vísindagögnum og vera í samræmi við viðmiðanirnar sem eru tilgreindar í IV. viðauka,
- sýna fram á alla möguleika á eftirspurn eftir notvarma og kælingu, þar sem hentugt er að beita samvinnslu með góða orkunýtni, og á framboði eldsneytis og annarra orkugjafa sem eru nýttir til samvinnslu raf- og varmaorku,
- fela í sér sérstaka greiningu á mögulegum hindrunum á því að unnt sé að nýta innlenda möguleika á samvinnslu með góða orkunýtni. Greiningin skal umfram allt fjalla um hindranir er varða eldsneytisverð og –kostnað, aðgang að eldsneyti, raforkudreifikerfi, stjórnsýslumeðferð og nauðsyn þess að fella ytri kostnað inn í orkuverð.

3. Aðildarríkin skulu fjórða hvert ár, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar a.m.k. sex mánuðum fyrir viðkomandi dag, meta hve mikið hefur áunnist í því að auka hluta samvinnslu með góða orkunýtni, í fyrsta sinn eigi síðar en 21. febrúar 2007.

7. gr.

Stuðningskerfi

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að stuðningur við samvinnslu raf- og varmaorku, bæði í fyrirliggjandi einingum og síðari einingum, byggist á eftirspurn eftir notvarma og sparnaði frumorku, í ljósi möguleika, sem fyrir hendi eru, á að draga úr eftirspurn eftir orku með öðrum ráðstöfunum, sem eru fjárhagslega gerlegar og umhverfisvænar, svo og öðrum orkunýtniráðstöfunum.

2. Með fyrirvara um 87. og 88. gr. sáttmálans skal framkvæmdastjórnin meta notkun þeirra stuðningskerfa í aðildarríkjunum sem framleiðandi á sviði samvinnslu raf- og varmaorku hefur beinan eða óbeinan stuðning af á grundvelli reglugerða, sem opinber yfirvöld gefa út, og sem kunna að hafa þau áhrif að takmarka viðskipti.

Framkvæmdastjórnin skal meta hvort þessi kerfi stuðla að því að markmiðunum, sem eru sett fram í 6. gr. og 1. mgr. 174. gr. sáttmálans, verði náð.

3. Í skýrslunni, sem um getur í 11. gr., skal framkvæmdastjórnin setja fram vel skjalfesta greiningu á reynslunni af notkun og samhliða rekstri mismunandi stuðningskerfa sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar. Í skýrslunni skal lagt mat á hvernig hefur tekist með stuðningskerfunum, þ.m.t. er mat á kostnaðarhagkvæmni, að auka samvinnslu með góða orkunýtni í samræmi við þá innlendu möguleika sem um getur í 6. gr. Í skýrslunni skal enn fremur gerð úttekt á því í hve miklum mæli stuðningskerfin hafa átt þátt í að skapa stöðug skilyrði fyrir fjárfestingu í samvinnslu raf- og varmaorku.

8. gr.

Raforkudreifikerfi og gjaldskrármál

1. Í því skyni að tryggja flutning og dreifingu raforku, sem er framleidd í samvinnslu með góða orkunýtni, gilda ákvæði 1., 2. og 5. mgr. 7. gr. tilskipunar 2001/77/EB auk viðkomandi ákvæða tilskipunar 2003/54/EB.

2. Uns framleiðandi á sviði samvinnslu raf- og varmaorku kemur til greina sem viðskiptavinur samkvæmt innlendra löggjöf, sbr. 1. mgr. 21. gr. tilskipunar 2003/54/EB, skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að gjaldskrár yfir kaup á vara- eða viðbótarorku séu ákveðnar á grundvelli útgefna gjaldskráa, skilmála og skilyrða.

3. Með fyrirvara um tilkynningu til framkvæmdastjórnarinnar mega aðildarríkin einkum auðvelda aðgang að raforkudreifikerfinu þegar um er að ræða raforku frá samvinnslu með góða orkunýtni í litlum einingum eða öreiningum.

9. gr.

Stjórnsýslumeðferð

1. Aðildarríkin eða þar til bærar stofnanir, sem aðildarríkin tilnefna, skulu meta gildandi laga- og regluramma með tilliti til málsmeðferðar við leyfivæitingar eða annarrar málsmeðferðar, sem mælt er fyrir um í 6. gr. tilskipunar 2003/54/EB, sem gildir um einingar fyrir samvinnslu með góða orkunýtni. Tilgangurinn með slíku mati er:

- að stuðla að mótun eininga fyrir samvinnslu raf- og varmaorku til að mæta efnahagstengdri eftirspurn eftir framleiðslu notvarma og komast hjá því að framleiða meiri varma en notvarma,
- að fækka hindrunum samkvæmt lögum og öðrum hindrunum sem eru í vegi fyrir aukinni samvinnslu raf- og varmaorku,
- að einfalda og hraða málsmeðferð á viðeigandi stjórnsýslustigi og
- að sjá til þess að reglur séu hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar og að öllu leyti í samræmi við sérstaka eiginleika hinnar mismunandi samvinnslutækni raf- og varmaorku.

2. Aðildarríkin skulu, ef við á með skírskotun til innlendra löggjafar, veita upplýsingar um þær framfarir sem hafa orðið, einkum að því er varðar:

- a) samræmingu hinna ýmsu stjórnsýslustofnana á fresti, viðtöku og meðhöndlun leyfisumsókna,
- b) möguleikann á samningu viðmiðunarreglna um þá starfsemi, sem um getur í 1. mgr., og möguleikann á flýti-meðferð fyrir framleiðendur á sviði samvinnslu raf- og varmaorku og
- c) tilnefningu yfirvalda í hlutverk sáttasemjara í deilum milli leyfisveitingayfirvalda og leyfisumsækjenda.

10. gr.

Skýrslur aðildarríkjanna

1. Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 21. febrúar 2006, birta skýrslu með niðurstöðum úr greiningu og mati sem unnið er í samræmi við 3. mgr. 5. gr., 1. mgr. 6. gr., 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr.

2. Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 21. febrúar 2007 og síðan fjórða hvert ár, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar a.m.k. sex mánuðum fyrir viðkomandi dag, birta skýrslu með niðurstöðum úr matinu sem um getur í 3. mgr. 6. gr.

3. Aðildarríkin skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina, í fyrsta sinn fyrir lok desember 2004 yfir gögn ársins 2003 og síðan ár hvert, tölfræðilegar upplýsingar um innlenda raforku og varmaframleiðslu frá samvinnslu raf- og varmaorku, í samræmi við aðferðirnar sem lýst er í II. viðauka.

Þau skulu einnig leggja fram árlegar, tölfræðilegar upplýsingar um afköst í samvinnslu raf- og varmaorku og um eldsneyti til samvinnslu raf- og varmaorku. Aðildarríkin geta einnig lagt fram tölfræðilegar upplýsingar um sparnað frumorku sem næst með samvinnslu raf- og varmaorku, í samræmi við aðferðirnar í III. viðauka.

11. gr.

Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar

1. Á grundvelli þeirra skýrslna, sem lagðar eru fram samkvæmt 10. gr., skal framkvæmdastjórnin endurskoða beitingu þessarar tilskipunar og leggja skýrslu um árangurinn af framkvæmd hennar fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 21. febrúar 2008 og síðan fjórða hvert ár. Í skýrslunni skal einkum:

- a) gera grein fyrir framförum í nýtingu á möguleikunum á samvinnslu með góða orkunýtni innanlands, sem um getur í 6. gr.,
- b) meta að hve miklu leyti reglur og aðferðir, sem eru ramma-skilyrði fyrir samvinnslu raf- og varmaorku á innri orku-markaðnum, eru ákveðnar á grundvelli viðmiðana, sem eru hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar, að teknu tilhlyðilegu tilliti til ávinnings af samvinnslu raf- og varmaorku,

- c) gera grein fyrir reynslunni af notkun og samhliða rekstri mismunandi stuðningskerfa fyrir samvinnslu raf- og varmaorku,
- d) endurskoða nýtniviðmiðanir við aðskilda framleiðslu á grundvelli fyrirbyggjandi tækni. Ef við á skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu með frekari tillögum fyrir Evrópuþingið og ráðið.

2. Við mat á þeim framförum, sem um getur í a-lið 1. mgr., skal framkvæmdastjórnin kanna í hve miklum mæli innlendir möguleikar á samvinnslu með góða orkunýtni, sem um getur í 6. gr., eru eða verða nýttir, að teknu tilliti til ráðstafana aðildarríkjanna, skilyrða, þ.m.t. veðurfarsþættir, áhrifa af innri orkumarkaðnum og afleiðinga af öðru frumkvæði Bandalagsins á borð við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi til að eiga viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB⁽¹⁾.

Ef við á leggur framkvæmdastjórnin frekari tillögur fyrir Evrópuþingið og ráðið, einkum í því augnamiði að semja aðgerðaáætlun fyrir þróun samvinnslu með góða orkunýtni í Bandalaginu.

3. Við mat á möguleikum á frekari samræmingu útreikningsaðferða, sem um getur í 1. mgr. 4. gr., skal framkvæmdastjórnin kanna áhrif af samhliða útreikningum, sem um getur í 12. gr., II. og III. viðauka, á innri orkumarkaðinn og taka einnig tillit til reynslunnar af innlendum stuðningskerfum. Ef við á leggur framkvæmdastjórnin frekari tillögur fyrir Evrópuþingið og ráðið í því skyni að samræma útreikningsaðferðirnar enn frekar.

12. gr.

Annars konar útreikningur

1. Fram til ársloka 2010 og með fyrirvara um fyrirframsamþykki framkvæmdastjórnarinnar er aðildarríkjunum heimilt að nota aðrar aðferðir en kveðið er á um í b-lið II. viðauka, til þess að draga mögulega raforkuframleiðslu, sem ekki verður til í samvinnsluferli raf- og varmaorku, frá þeim tölum sem tilkynnt hefur verið um. Í þeim tilgangi, sem um getur í 1. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 10. gr., skal þó magn raforku frá samvinnslu raf- og varmaorku ákvarðað í samræmi við II. viðauka.

2. Aðildarríkin geta reiknað út sparnað frumorku við framleiðslu varma og raforku og vélrænnar orku samkvæmt c-lið III. viðauka, án þess að nota II. viðauka til að útiloka aðskilda framleiðslu varma og raforku innan sama vinnsluferlis. Slíka framleiðslu er hægt að líta á sem samvinnslu með góða orkunýtni, að því tilskildu að hún uppfylli nýtniviðmiðanir, sbr. a-lið III. viðauka, og að heildarnýtni sé yfir 70% þegar um er að ræða einingar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku með meiri getu en 25 MW. Vegna útgáfu upprunaábyrgðar og hagskýrslugerðar skal þó magn raforku frá slíkri samvinnslu raf- og varmaorku ákvarðað í samræmi við II. viðauka.

3. Fram til ársloka 2010 geta aðildarríkin notað aðrar aðferðir til að skilgreina heildarsamvinnslu raf- og varmaorku sem samvinnslu með góða orkunýtni, án þess að sannreyna að heildarsamvinnslan uppfylli viðmiðanir a-liðar III. viðauka, ef sannað er á innlendum vettvangi að heildarsamvinnsla raf- og varmaorku, skilgreind með annarri slíkri aðferð, uppfylli að meðaltali viðmiðanir a-liðar III. viðauka. Ef gefin er út upprunaábyrgð fyrir slíka framleiðslu skal nýtni þeirrar heildarsamvinnslu raf- og varmaorku, sem er tilgreind í ábyrgðinni,

ekki fara yfir markgildi viðmiðananna í a-lið III. viðauka nema útreikningur í samræmi við III. viðauka sýni annað. Vegna útgáfu upprunaábyrgðar og hagskýrslugerðar skal þó magn raforku frá slíkri samvinnslu raf- og varmaorku ákvarðað í samræmi við II. viðauka.

13. gr.

Endurskoðun

1. Viðmiðunargildin, sem eru notuð til útreiknings á raforku frá samvinnslu raf- og varmaorku, skulu löguð að tækniframförum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 14. gr.

2. Viðmiðunargildin, sem eru notuð til útreiknings á nýtni heildarsamvinnslu raf- og varmaorku og frumorkusparnaði, sem um getur í a-lið III. viðauka, skulu löguð að tækniframförum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 14. gr.

3. Viðmiðunarreglurnar um það að ákvarða hlutfallið milli orku og varma, sem um getur í d-lið II. viðauka, skulu lagaðar að tækniframförum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 14. gr.

14. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

15. gr.

Lögleiðing

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslu-fyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 21. febrúar 2006. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

⁽¹⁾ Stjót. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

16. gr.

Breyting á tilskipun 92/42/EBE

Eftirfarandi undirliður bætist við 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 92/42/EBE:

„—eininga fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, sem eru skilgreindar í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/8/EB frá 11. febrúar 2004 um að auka samvinnslu raf- og varmaorku, sem byggist á eftirspurn eftir notvarma á innri orkumarkaðinum (*).

(*) Stjttíð. ESB L 52, 21.2.2004, bls. 50.“

17. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

18. gr.

Viðtakendur

Þessari tilskipun er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 11. febrúar 2004.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

M. McDOWELL

forseti.

I. VIÐAUKI

Samvinnslutækni sem þessi tilskipun tekur til

- a) Samvinnsla með gashverfli og varmaendurheimt
- b) Mótþrýstigufuhverfill
- c) Eimsvalagufuhverfill með gufuúttaki
- d) Gashverfill með varmaendurheimt
- e) Sprengihreyfill
- f) Örhverflar
- g) Stirling-vélar
- h) Efnarafalar (eldsneytishlöd)
- i) Gufuvélar
- j) Rankine-hringrás (fyrir lífrænan drifmiðil)
- k) Aðrar tæknilausnir, stakar eða samtvinnaðar öðrum, sem falla undir skilgreininguna í a-lið 3. gr.

II. VIÐAUKI

Útreikningur á raforku frá samvinnslu raf- og varmaorku

Gildi, sem eru notuð til útreiknings á raforku frá samvinnslu raf- og varmaorku, skulu ákvörðuð á grundvelli væntanlegs eða raunverulegs rekstrar á einingunni við eðlileg notkunarskilyrði. Að því er varðar öreiningar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku getur útreikningur byggst á staðfestum gildum.

- a) Líta skal svo á að raforkuframleiðsla frá samvinnslu raf- og varmaorku sé jöfn árlegri heildarraforkuframleiðslu einingarinnar sem mæld er við úttak aðalrafala,
- i) í einingum fyrir samvinnslu raf- og varmaorku af gerð b), d), e), f), g) og h), sem um getur í I. viðauka, með árlega heildarnýtni sem aðildarríkin hafa fastsett við a.m.k. 75% og
- ii) í einingum fyrir samvinnslu raf- og varmaorku af gerð a) og c), sem um getur í I. viðauka, með árlega heildarnýtni sem aðildarríkin hafa fastsett við a.m.k. 80%.
- b) Í einingum fyrir samvinnslu raf- og varmaorku með árlega heildarnýtni undir gildunum sem um getur í i-lið a-liðar (einingum fyrir samvinnslu raf- og varmaorku af gerð b), d), e), f), g) og h) sem um getur í I. viðauka) eða með árlega heildarnýtni undir gildunum sem um getur í ii-lið a-liðar (einingum fyrir samvinnslu raf- og varmaorku af gerð a) og c) sem um getur í I. viðauka) er samvinnsla raf- og varmaorku reiknuð út samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$E_{\text{CHP}} = H_{\text{CHP}} \cdot C$$

þar sem:

E_{CHP} er magn raforku frá samvinnslu raf- og varmaorku

C er hlutfallið milli orku og varma

H_{CHP} er magn notvarma frá samvinnslu raf- og varmaorku (reiknað út í þessu skyni sem samanlögð varmaframleiðsla, að frádregnum varma, sem er framleiddur í aðskildum kötlum, eða nýtingu gufu beint frá gufukatli).

Útreikningur á raforku frá samvinnslu raf- og varmaorku skal byggjast á raunverulegu hlutfalli milli orku og varma. Ef raunverulegt hlutfall milli orku og varma í einingu fyrir samvinnslu raf- og varmaorku er ekki þekkt má nota eftirfarandi sjálfgildi, einkum vegna hagskýrslugerðar, fyrir einingar af gerð a), b), c), d) og e), sem um getur í I. viðauka, að því tilskildu að reiknuð raforka frá samvinnslu sé minni eða jöfn og samanlögð raforkuframleiðsla einingarinnar:

Gerð einingar	Sjálfgefið hlutfall milli orku og varma, C
Samvinnsla með gashverfli og varmaendurheimt	0,95
Mótþrýstigufuhverfill	0,45
Eimsvalagufuhverfill með gufuúttaki	0,45
Gashverfill með varmaendurheimt	0,55
Sprengihreyfill	0,75

Ef aðildarríkin taka upp sjálfgildi fyrir hlutfall milli orku og varma í einingum af gerð f), g), h), i), j) og k), sem um getur í I. viðauka, skulu þau sjálfgildi gerð opinber og tilkynnt framkvæmdastjórninni.

- c) Ef hluti orkuinnihalds eldsneytismagnsins, sem er notað í samvinnsluferli raf- og varmaorku, er endurheimt í iðefnum og endurunnid má draga þann hluta frá eldsneytismagninu áður en heildarnýtnin í a- og b-lið er reiknuð út.
- d) Aðildarríkin geta ákvarðað hlutfall milli orku og varma sem hlutfall milli raforku og notvarma, þegar fram fer samvinnsla raf- og varmaorku með minni getu, á grundvelli rekstrarlegra upplýsinga um hina tilteknu einingu,
- e) Í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 14. gr., skal framkvæmdastjórnin setja ítarlegar viðmiðunarreglur um framkvæmd og beitingu ákvæða II. viðauka, þ.m.t. um ákvörðun hlutfallsins milli orku og varma.
- f) Aðildarríkin geta miðað við önnur reikningsskilatímabil en eitt ár að því er varðar útreikninga samkvæmt a- og b-lið.

III. VIÐAUKI

Aðferðir við að ákvarða nýtni í samvinnsluferli raf- og varmaorku

Gildi, sem eru notuð til útreiknings á nýtni í samvinnslu raf- og varmaorku og orkusparnaði, skulu ákvörðuð á grundvelli væntanlegs eða raunverulegs rekstrar á einingunni við eðlileg notkunarskilyrði.

a) *Samvinnsla með góða orkunýtni*

Í þessari tilskipun skal samvinnsla með góða orkunýtni uppfylla eftirfarandi viðmiðanir:

- heildarsamvinnsla raf- og varmaorku frá einingum fyrir samvinnslu skal fela í sér sparnað frumorku, reiknuðum samkvæmt b-lið, sem er minnst 10% í samanburði við viðmiðanirnar fyrir aðskilda framleiðslu raforku og varma,
- framleiðsla í litlum einingum og öreiningum fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, sem leiðir til sparnaðar frumorku, getur talist samvinnsla með góða orkunýtni.

b) *Útreikningur á sparnaði frumorku*

Þann sparnað frumorku, sem leiðir af heildarsamvinnslu raf- og varmaorku í samræmi við skilgreiningu II. viðauka, skal reikna út samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$PES = \left(1 - \frac{1}{\frac{CHP H\eta}{Ref H\eta} + \frac{CHP E\eta}{Ref E\eta}} \right) \times 100\%$$

Þar sem:

PES er sparnaður frumorku.

CHP H η er varmanýtni í heildarsamvinnslu raf- og varmaorku, skilgreind sem árleg framleiðsla notvarma, deilt með árlegri eldsneytisneyslu sem fer til framleiðslu summunnar af notvarmaframleiðslu og raforku frá samvinnslu raf- og varmaorku.

Ref H η er nýtniviðmiðun við aðskilda varmaframleiðslu.

CHP E η er rafmagnsnýtni í heildarsamvinnslu raf- og varmaorku, skilgreind sem árlegt raforkumagn frá samvinnslu raf- og varmaorku, deilt með árlegri eldsneytisneyslu sem fer til framleiðslu summunnar af notvarmaframleiðslu og raforku frá samvinnslu. Ef eining fyrir samvinnslu raf- og varmaorku framkallar vélræna orku má auka árlega raforku frá samvinnslunni með viðbótarþætti sem stendur fyrir það magn raforku sem svarar til magns vélrænnar orku. Slíkur viðbótarþáttur veitir ekki rétt til að gefa út viðbótarábyrgðir í samræmi við 5. gr.

Ref E η er nýtniviðmiðun við aðskilda raforkuframleiðslu.

c) *Útreikningar á orkusparnaði með öðrum útreikningi samkvæmt 2. mgr. 12. gr.*

Ef sparnaður frumorku í tilteknu vinnsluferli er reiknaður út í samræmi við 2. mgr. 12. gr. skal reikna sparnaðinn með því að nota formúluna í b-lið þessa viðauka þar sem:

„CHP H η “ verður „H η “ og

„CHP E η “ verður „E η “

þar sem:

H η er varmanýtni vinnsluferlis, skilgreind sem árleg varmaframleiðsla, deilt með þeirri eldsneytisneyslu sem þarf til að framleiða summuna af varmaframleiðslu og raforkuframleiðslu.

H η er raforkunýtni vinnsluferlis, skilgreind sem árleg raforkuframleiðsla, deilt með þeirri eldsneytisneyslu sem þarf til að framleiða summuna af varmaframleiðslu og raforkuframleiðslu. Ef eining fyrir samvinnslu raf- og varmaorku framkallar vélræna orku má auka árlega raforku frá samvinnslunni með viðbótarþætti sem stendur fyrir það magn raforku sem svarar til magns vélrænnar orku. Slíkur viðbótarþáttur veitir ekki rétt til að gefa út viðbótarábyrgðir í samræmi við 5. gr.

d) Aðildarríkin geta miðað við önnur reikningsskilatímabil en eitt ár að því er varðar útreikninga samkvæmt b- og c-lið þessa viðauka.

- e) Að því er varðar öreiningar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku getur útreikningur á sparnaði frumorku byggst á staðfestum gögnum.
- f) Í meginreglunum að baki skilgreiningu á viðmiðunargildum fyrir nýtni, að því er varðar aðskilda framleiðslu varma og raforku sem um getur í 1. mgr. 4. gr. og í formúlu b-liðar þessa viðauka, skal fastsetja rekstrarhagkvæmni aðskilinnar varma- og raforkuframleiðslu sem samvinnslu raf- og varmaorku er ætlað að leysa af hólmi.

Reikna skal nýtniviðmiðanir samkvæmt eftirfarandi meginreglum:

1. Að því er varðar einingar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, eins og þær eru skilgreindar í 3. gr., skal samanburður við aðskilda raforkuframleiðslu byggjast á þeirri meginreglu að sömu flokkar eldsneytis séu bornir saman.
2. Hver eining fyrir samvinnslu raf- og varmaorku skal borin saman við bestu tiltæku og fjárhagslega hagkvæmu tækni við aðskilda framleiðslu varma og raforku á markaðnum á byggingarári einingarinnar fyrir samvinnsluna.
3. Nýtniviðmiðanir fyrir einingar fyrir samvinnslu sem eru eldri en tíu ára skulu tiltekna sem viðmiðanir fyrir einingar sem eru tíu ára gamlar.
4. Nýtniviðmiðanir fyrir aðskilda raforku- og varmaframleiðslu skulu endurspeglar mismunandi loftslag í aðildarríkjunum.

IV. VIÐAUKI

Viðmiðanir við greiningu á innlendum möguleikum á samvinnslu með góða orkunýtni

- a) Við greiningu á innlendum möguleikum, sem um getur í 6. gr., skal taka tillit til eftirfarandi:
 - tegundar eldsneytis sem líklega verður notað til að nýta möguleika samvinnslunnar, þ.m.t. sérstakt tillit til möguleika á að auka, með samvinnslu raf- og varmaorku, notkun endurnýjanlegra orkulinda á innlendum mörkuðum fyrir varma,
 - tegundar samvinnslutækni raf- og varmaorku, sem er tilgreind í I. viðauka, sem líklega verður notuð til að nýta innlendu möguleikana,
 - tegundar aðskildrar framleiðslu varma og raforku eða, sé það gerlegt, vélrænnar orku sem samvinnsla með góða orkunýtni gæti leyst af hólmi,
 - hvernig möguleikarnir skiptast á milli nútímavæðingar fyrirliggjandi aðstöðu og byggingar nýrrar aðstöðu.
- b) Greiningin skal ná yfir viðeigandi aðferðir við mat á kostnaðarhagkvæmni, með tilliti til sparnaðar frumorku, við að auka hlutdeild samvinnslu með góða orkunýtni í innlendra samsetningu orkugjafa. Við greiningu á kostnaðarhagkvæmni skal einnig tekið tillit til innlendra skuldbindinga í tengslum við skuldbindingar um loftslagsbreytingar, sem Bandalagið samþykkti með skírskotun til Kýmótóbókunarinnar við rammaþing Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.
- c) Í greiningu á innlendum möguleikum á samvinnslu raf- og varmaorku skal tilgreina möguleikana í tengslum við tímamörkin 2010, 2015 og 2020 og, sé það gerlegt, með viðeigandi kostnaðarmati fyrir hver tímamörk.